

## 9. gr.

## Viðurkenning.

160

26. okt.

Beiðni um viðurkenningu á hjargbeltum og hjargvestum skal senda Skipaskoðun ríkisins og skal henni fylgja fyrirmynd með nákvæmri lýsingu og greinargerð um, hvernig nota skuli.

Fullnægi þau settum reglum, gefur skipaskoðunin út viðurkenningarvottorð. Viðurkenningin er látin í té án endurgjalds, en kostnaður vegna viðurkenningarinnar, ef einhver er, greiðist af beiðanda.

Þegar viðurkenning er fengin, hvílir sú skylda á framleiðanda að láta skipaskoðun ríkisins í té leiðbeiningar til skipaskoðunarmanna með mynd og lýsingu á því, hvernig á að setja hjargbeltið eða vestið á sig, og sams konar leiðbeiningar skulu látnar af hendi til þeirra, er kaupa hjargbelti eða vesti.

## 10. gr.

## Bjarghringar.

Bjarghringar skulu gerðir úr heilu korki eða korkstykki, trénegldum og vel felldum saman, eða öðru efni, sem skipaskoðun ríkisins viðurkennir. Hreindýrahár, sef, kapok, korkspæni eða korkmylsnu má ekki nota, og heldur ekki hjarghringa, sem blásnir eru upp með lofti.

Bjarghringur skal geta flotið í hreinu vatni í 24 klst. með 14,5 kg af járni. Utan um korkið skal saumaður strigi, vel málaður og með kaðalumgerð. Innanmál hringsins skal vera minnst 45 cm (18 enskir þum.). Bjarghringar skulu málaðir rauðir og hvítir í fjórum reitum, hvítum og rauðum til skiptis. Á þá skal einnig mála nafn skipsins og heimilisfang, eða sé það fiskiskip, nafn skipsins, umdæmisbókstafi og tölur.

## 11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum.

## 12. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Samgöngumálaráðuneytið, 26. október 1949.*

**Emil Jónsson.**

*Páll Pálmason.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 21. sept. 1949. 21. sept. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Blóma- og trjáræktarsjóð Súgfirðinga.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Blóma- og trjáræktarsjóður Súgfirðinga.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 1000 — eitt þúsund — króna gjöf frá Þórði Þórðarsyni og Sigríði Einarsdóttur á 50 ára hjúskaparafmæli, til minningar um Sigríði Ástu dóttur þeirra, er lézt 2. des. 1946.

161

21. sept.

Tekjur sjóðsins eru gjafir og áheit, enn fremur sala minningarkorta o. fl., er sjóðstjórnin ákveður.

3. gr.

4. gr.

Sjóðurinn er eign kvenfélagsins Ársól og skipa stjórn hans þrjár konur, kosnar á aðalfundi félagsins ár hvert.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal sjóðurinn ávaxtast þar til hann er orðinn 5 þús. krónur og má þá veita úr honum allt að helmingi af árstekjum sjóðsins. Þegar sjóðurinn er orðinn 10 þúsund krónur, má verja allt að  $\frac{3}{4}$  árstekna samkvæmt tilgangi sjóðsins.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna fyrir góða hirðingu blóma- og trjagarða við íbúðarhús í Suðureyrarhreppi, og skal jafnframt taka tillit til snyrtingar og útlits húsanna sjálfra.

7. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi umsjón hans og geymir eignaskilríki og önnur skjöl. Skal hún halda gerðabók um ákvarðanir til fjáröflunar og úthlutunar úr sjóðnum, er til kemur, og semja ársreikning. Ársreikning sjóðsins skal árlega birta með efnahagsreikningi kvenfélagsins Ársól.

8. gr.

Sjóðurinn skal fyrst um sinn ávaxtast í Sparisjóði Súgfirðinga, en stjórn sjóðsins skal skylt að flytja hann í Landsbanka Íslands að nokkru leyti eða öllu, ef hún telur það tryggar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi kvenfélagsins Ársól 7. nóv. 1948.

Helga G. Þórðardóttir. Kristey Hallbjörnsdóttir. Svava Valdimarsdóttir.  
Þuríður Kristjánsdóttir. Ágústa Þórðardóttir.

162

23. sept.

## REGLUGERÐ

### um þjóðleikhús.

1. gr.

#### Verkefni.

Í þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem leiksviði eru tengdar. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja þannig, að hún verði íslenzkri menningu sem öflugust stoð.

Aðalhlutverk þjóðleikhússins skal vera:

1. að flytja íslenzka og erlenda sjónleiki og enn fremur söngleiki og leikdansa, eftir því sem við verður komið;
2. að vera til fyrirmyndar um meðferð íslenzkrar tungu;
3. að halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt.